

SKOGRÆKT RIKISINS

SUDURLANDI

ÁRSGYRSLA 1990



1. Veðurfar ársins:

Veturinn frá áramótum snjópungur og harður. 9. jan gerði mikið sunnanveður með saltstroki og flóðum við suðurströndina. Í því veðri gekk saltstroki inn yfir landið og til marks um það hversu saltið gengur langt upp til fjalla. Má nefna að tengivirki Sig-ölduvirkjunar lokaði allt í útleiðslu umræddan dag. Því mátti búast við skemmdum á trjém sem og varð raunin á. Yfir páska var gott veður og kom ég þá í Þjórsárdal. Mátti þar líta þær mestu snjódyngjur sem ég hef séð á Suðurlandi. Mikill snjór var veturinn áður en þetta sló það met. Moka þurfti af þaki gamla eldhússkúrsins og mátti litlu muna að það færi niður.

30. apríl gerir ásahláku og jörð kemur undan snjó, en miklir skaflar í giljum og lágu þeir sumstaðar nokkuð fram á sumar.

1. maí, fyrsta vorlægðin, og vorið allgott eftir þetta.

Vorið hagstætt, með mátulegri vætu og hlýindum. Þurkakafli gerði þó í 3 vikur í júní með norðan vindi og miklum þurki.

Sumarið hlýtt og langt og engin frost fyrr en ca 20. nóv.

22. nóv fyrsti snjórinn á suðurlandi. Veturinn fram að áramótum mildur og nánast frostlaus utan nokkurra daga rétt fyrir jól. Vinnuveður því hagstætt.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og lauffall

	Byrjað að bruma	Laufgun	Lauffall
Skógar undir Eyjafjöllum	13/5		
Lerki Snæfok (Hakaskojar)		20/5	
Kjarrbirki Þjórsárdalur	31/5	15/6	
Ósp Kenai -		15/6	
Lerki Altai -		31/5	
Lerki Senkursk -		7/6	
Sitkagr Hömer -	Brumhl.farnar	15/6	
Rauðgr Tröndelag	-	20/6	
Blágreni Sapinero	-	20/6	

Um lauffall er það að segja að undirritaður var ekki í Þjórsárdal um það leyti er lauffall var og því er sá reitur auður.

2.2. Vöxtur:

Vöxtur trjáa yfir meðallagi á flestum tegundum nema stafafuru. Á henni var afar litill vöxtur enda fór hún illa vegna illviðra s.l. vetur. Engar sérstakar mælingar á ársprotum hafa farið fram.

2.3. Fræfalli:

Litil fræmyndun á Suðurlandi. Aðeins örlitlu safnað af kjarrbirki í Þjórsárdal af krökkum ur Gagnfr.skóla Selfoss.

2.4. Skaðar:

2.4.1. Mekanískir skaðar:

Harður og snjópungur vetur tók sinn toll á trjánum og má segja að stafafura og rauðgreni hafi orðið verst úti. Bæði var að snjór braut greinar og tré og að skafrenningur eyðilagði toppa sem upp úr snjó stóðu. Saltveðrið 9 jan. skildi einnig eftir sig spor víða, því tré stóðu eftir mjög sviðin á suð vestur hlið.

Snæfoksstaðir: Fura 0.50 - 1.50 metrar frá verst. Smáplöntur sluppu að mestu enda flestar undir snjó. Þar sem skafið hafði af jörð urðu miklir skaðar á smáplöntum. Toppar á minni trjám er stóðu upp úr snjó stórskaddaðir. Kal og sviði. Lengra kominn skógur, eða þar sem trén eru búin að þétta sig slapp að mestu nema nokkur sviði í köntum.

Þjórsárdalur: Mikið sá á s-v hliðum furutrjáa: sviði. Einnig talsvert um skaddaða toppa á rauðgreni. Ekkert sá á sitkagreni né lerkí. Snjóbrott ekki teljandi, nema í djúpum giljum.

Haukadalur: Rauðgreni afar illa farið þar sem það stendur áveðurs, toppar skemmdir og sviðið barr. Í lagi þar sem það stendur í skjóli við hærri tré. Stafafura hefur sloppið betur hér en víða annarsstaðar, en þó má allviða sjá skemmda toppa og sviða á minni plöntum sem standa áveðurs. Ekki sér á Sitkagreni.

2.4.2. Skordýraskaðar:

Skordýraskaðar ekki merkjanlegir. Sitkalúsar ekki vart. Menn þóttust hafa fundið skaða á rótum og rótarhálsi lerkiplantna og sennilegast að um ranabjöllulirfu sé að ræða. Þetta helst í plöntum sem eru ópriflegar og ekki byrjaðar að vaxa eftir gróðursetningu.

3. Starfsfólk.

Alls komust um 30 manns á launaskrá hjá D 81 þetta árið. auk 10 krakka ur unglíngavinnunni á Selfossi sem voru hjá okkur vor og við aspargróðursetningu í Haukadal að haustinu.

Nöfn starfsmanna:

Böðvar Guðmundsson	260749	3679	Sigtún 9	800	Selfossi
Garðar Þorvarðarson	020272	2959	Vorsabæ 3	110	Rvk.
Björgvin Örn Eggertsson	070866	4639	Laufási 4a	210	Garðabæ
Ragnheiður Jónasdóttir	080250	4449	Reykholt 2	801	Selfoss
Ingibjörg Jónsdóttir	081072	4429	Svinavatni	801	Selfoss
Sigvaldi Asgeirsson	100350	4069	Haukadalur	1	801 Selfoss
Björgvin Magnússon	100773	4499	Birtingaholt	1	801 Self
Benedikt Blöndal	110855	2229	Hallormstað	707	Egilst.
Ólafur Helgason	120272	4979	Sigtúni	17.	800 Selfoss
Bergur Þór Björnsson	141167	3169	Skriðufell,	801	Self.
Asbjörn Sigurðsson	161055	3369	Réttarholt	1	800 Self.
Guðbjörg Gunnarsd	170372	5229	Stekkholt	20,	800 Self
Greipur Sigurðsson	170538	7819	Haukadal,	800	Self.
Kristin Sigurðardóttir	180340	4759	Haukadal,	800	Self.
Valgerður Sveinsdóttir	190372	5459	Birkivellir	13.	Self.
Kristjana Hallgrímsd.	190572	3669	Sigtún	9	800 Self.
Hreinn Óskarsson	201071	4969	Grænuvellir	3	800 Self.
Gunnar Erlingsson	210567	5939	Vallholt	33,	800 Self.
Einar Bjarnason	280151	4249	Eystri Dalbæ.	880	Kb.kl.
Guðm. Baldursson	300968	5469	Grýtubakka	1	601 Akureyri
Guðmundur Guðjónsson	181260	4839	Búðarstigur	3	Eyrarbakka
Jakob Jakobsson	110559	2329	Búðarstigur	3	Eyrarbakka
Ísleifur Arnason	080169	4189	Þjórsárholt,	801	Self.
Björn Jónsson			Stallar,	Bisk,	801 Self.
Sigurður Asgeirsson					
Sunna Ólafsdóttir			Reykjavík		
Helgi Kr.Halldórsson			Selfossi		
Pétur Steinsson			Selfossi		
Hjörleifur			Selfossi		
Sigurmundur Jónsson			Selfossi		

3 menn unnu allt árið, Böðvar, Björgvin og Gunnar Erlingsson. Sigvaldi vann öðru hvoru ásamt með vinnu sinni fyrir ættlanadeild. Einar Bjarnason var á jarðytunni og vann með henni í Skorradal, Litla Skarði, Vöglum, á Hallormstað, í Haukadal, í Þjórsárdal og Mosfelli.

Í D81 voru alls á árinu unnir mánuðir.

Kaupgreiðslur urðu alls kr.....

Vinna fyrir aðra vörð alls kr.....

Vinna f. D81 alls kr.....

Vinna f.Mosfell kr.....

4. Girðingar:

4.1. Viðhald:

Viðhald heldur meira en venjulega enda snjöpungur vetur. Þjórsárdalsgirðingin kom einna verst út, enda hafði fallið á hana snjóflóð í sunnanverðum Blakkdal. Vár þar endurgirtur að mestu 200 metra kafli.

Um viðhald Kleiusturssgirðingar sá Einar Bjarnason.

Aðrar girðingar: viðhald eins og venjulega.

4.2. Nýgirðingar:

Rúmlega 2 km kafli var endurgirtur í Þjórsárdal. Þetta var kafllinn frá Sniðhóla -horni og suður á móts við Snejplafoss í Þverárdal. Afréttarfélag Flóa og Skeiða borgar helming þessarrar girðingar. Næsta ár er meiningin að halda áfram með þennan vestur-væng Þjórsárdalsgirðingar og girða 2.5 km til suðurs og að suðurkanti girðingarinnar. Girðingarstæði verður breitt og því sleppt að fara ofan í Blakkdal. Það sparar bæði efniskostnað og er til hagræðis við smalamennskur.

5. Skógarhögg.

5.1. Jólatré

Högg hófst 5. nóvember í Þjórsárdal. Höggvin voru þar um 829 tré, stór og smá. Fóru þau öll til Landgræðslusjóðs. Í Þjórsárdal var verið eina viku en síðan flutt yfir í Haukadal þar sem Sigvaldi Asgeirsson hafði merkt tré til höggs, bæði Rauðgreni og Stafafuru ásamt örfáum Blágrenitrjám. Við höfðum verið ansi hræddir um það að skaðar vetrarins yllu því að lítið yrði hægt að taka af jólatrjám, en svo reyndist ekki vera, þótt að á sumum reitum sæi talsverða vindskaða. Vindskaðar reyndust vera sérstaklega á austustu reitunum austan "Laugarvegs 7", enda eru þeir áveðurs og liggja hatt og á þurru landi.

Menn voru við högg fram undir miðjan desember og gekk þetta vel, enda frátafir vegna frosta afar litlar, aðeins 2 dagar.

Alls voru seld 2765 tré alls á Suðurlandi. Minnkun frá 1989 eru um 938 tré. Minnkunin er í Rauðgreni: 523 tré, og í Furu: 415 tré, þessu veldur aukin sala í innfluttum Norðmannspín og að nokkru leiti aukin sala í Blágreni. Skema yfir seld jólatré er til tegundum fylgir skýrslu þessarri.

5.3. Grisiun.

5.3.1. Haukadalur:

Lítillgega var sagað af rásun í Haukadali, en minna en ætlað var vegna gifurlegrar gróðursetningar þetta árið.

Það litla sem grísjáð var af rásun var í svokölluðum "snyrtipiureit" við Stóra Skurð, ca 1.ha.

5.3.2. Hliðarsíringing í Skattártungu: Farið var í gegnum elstu furuplöntunina og hún grístuð í nóvember. Þar var allmikið brotið af trjám vegna skafila. Var hart grísjáð og hirt svolitíð af jóla-trjám í leiðinni.

6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.

6.1. Þurrlendisjarðvinnsla

6.1.1. Haukadalur: TTS herfi töluvert notað, sérstaklega á heiðlendi innan við Sellið. (Viðirar) ca 30 ha. Er þar komið upp fyrir allar bleytur og allt að því inn á Haukadalsheiði. Þar eru allviðlendar þurrlendisstorfur sem lerki verður plantað í.

Einnig var herfað milli plógstrengja í Sauðholtstungu og Hrisamýri upp með Tungufljóti alls ca. 50 ha.

6.1.2. Laugervatn: TTS herfað í "Lindarskógi" í áframhaldi af ættarreitnum 3 ha. Mosamóti, sem birki er að byrja að koma upp í.

6.2. Votlendisjarðvinnsla

6.2.1. Haukadalur: Allmikið plægt með skoska ploginum og jarðýtunni. Sauðholtstunga og Hrisamýri voru plægðar og plantað í þær ösp í aðrahverja röð samsumars.

Þá var grafið ofurlítið af skurðum í Haukadali: framan við áðurnefnda Hrisamýri upp með Tungufljóti. Einnig var hreinsað upp úr skurðum við sömu mýri.

6.2.2. Mosfelli: Plægt með skoska ploginum stykkið austan einbúa.

6.2.3. TTS Herfið var leigt ut til Skógræktarfélagi Arnesinga og var herfað um 10 ha stykki á Snæfoksstöðum austan gryfjuhóls. Einnig var herfið notað hjá Skf.Selfoss í Hellisskógi og herfað þar 3 ha stykki af hálfeigri mýrarjörð. Ýtan og plógurinn unnu einnig á Snæfoksstöðum við fræmræslu og plægt gisið (10m.millibil) í miðmýrinni vestan tuns. Einnig teknir plögstr. niður að hraunkantinum vestast út við girðingu móti Öndverðanesi.

Komið hefur í ljós að lokræsin sem plægð voru í Haukadali og Mosfelli 1989 koma á fæstum stöðum að gægni og virðast þau hafa fallið víða saman eða stíflast af lausum öskulögum. Þetta er aðferð sem ekki virðist duga.

7. Gróðursetning

7.1. Þjórsárdalur: Gróðursetning hófst 5/6 með plöntun í Landgræðsluskógaáttak. En einu af svæðum átaksins í Arnessýslu hafði verið valin staður á uppgræddum söndum í Þjórsárdal. Var tekið fyrir svæðið innan hátiðarsvæðisgirðingarinnar í Sandár- tungu og gróðursett bæði í uppgræddan sand og vallendisbakka þar við hliðina. Sjálfboðaliðar gróðursettu um þriðjung plantnanna en restina unglíngavinnuflokkur frá Landsvirkjun í Búrfelli.

Þar sem plantað var í uppgræddan sand var land herfað með TTS herfinu og síðan dreift skýtaklöttum með sérstökum dreifara sem skógræktarfélag Arnessinga lét útbúa. Skiturinn var í sumum tilfellum þældur saman við sandinn (vestast) og í öðrum tilfellum var plantað beint í skitinn. Virtíð er enginn munur vera á hvor aðferðin var notuð. Við skoðun í september litu þessar plöntur allar mjög vel út og voru bústnar og höfðu bætt við sig í hæð. Plönturnar sem gróðursettar voru á vallendisbakkana sem áður er getið voru heldur ljótari og fólari ásyndum, þannig að skiturinn hefur gert þarna kraftaverk. Hér var um að ræða Lerki og eiri.

R2020A	Sib.Lerki	Sjagornask	1/0	fp40	F	100	stk	pl.í	heybagga	
R2257	-	-	-	-	-	925				
R2221	-	-	-	-	-	666				
R2215	-	-	-	-	-	74				
R3019	-	-	-	-	-	20.063		pl.í	skit	
R3001	-	-	-	-	-	885			sunnan vegar	
R3002	-	-	-	-	-	1.600			Landl.sjoppa	
00000						2.000			Búrfellisstöð	
R2115	-	-	-	-	-	180			Sandhöll	
R2215	-	-	-	-	-	67			Móarnir/Fordv.	
						26.560				

R1009	Sib.Lerki	Sjagornask	2/1m		T	600			Illagil	
R1024	-	-	-		-	800			Hagafjall	
						1.400				

R1024	Eiri				T	120			Hagafjall	
R1020	-				-	67			-	
						187				

R2259	Blágreni	Rio Grande	1/0	fp67	M	1.200			Seljat.nef	
R2257	-	-	-	-	-	540			-	
R3218	-	-	-	-	-	180			Selfitar	
R2210	-	-	-	-	-	660			Klofás	
R1024	-	-	-	-	-	120			Hagafjall	
						2.700				

R2257	Sitkagreni	Haukadal	2/1fp35	T	725	Seljat.nef
R3112	-	-	-	-	140	Selfitar
R3217	-	-	-	-	210	Þrengslalækur
R2210	-	-	-	-	70	Vatnsgil
R1024	-	-	-	-	350	Hagafjall
					<hr/>	1.505

R2257	Stafafura	Taraldsöy	1/0fp35	F	2.040	Seljat.nef
R2267	-	-	-	-	960	Seljatunga
R2221	-	-	-	-	300	v.fordveg
R3218	-	-	-	-	350	Selfitar
					<hr/>	3.600

Allis plantað i Þjórsárdal 35.952

7.2 Gróðursetning Haukadalur:

Gífurleg gróðursetning varð i Haukadal og komu allar áspirnar okkur að óvörum síðsumars. Undirbúningur fyrir þá plöntun var því ónógur og skráning gróðursetningarinnar því ekki nógu góður. Háði þar að nokkru kortaleyfi.

Vorgróðursetning:

R4520	Sitkagreni	Seward	2/0fp60	M	1.380	v.Beiná.
R3044	-	-	-	-	1.250	Skógarholt.
					<hr/>	2.630
R7010	Stafaf.	Jeunau	1/0fp67	M	2.700	Tungufl.bakki
3044	-	-	-	-	460	Skógarhóll
3032	-	-	-	-	285	Skógarhóll ves
4530	-	-	-	-	1.140	ofan Tortuhúss
3044	-	-	-	-	1.250	Skógarhóll
6009	-	-	-	-	855	Beiná/Brennig
6011	-	-	-	-	2.500	Sunnan Beinár
3010	-	-	-	-	6.550	Miðhliðarholt
3020	-	-	-	-	5.700	Laugarv/Sk.hól
					<hr/>	21.490
7050	Sitkabast	Kenai	2/2m	T	3.225	Innan Bryggjum
					<hr/>	3.225
----	Rússalerki	Imatra	1/0fp67	M	8.912	Viðirar
6015	-	-	-	-	5.940	Kotholt
7010	-	-	-	-	5.300	Tungufljótsb.
4530	-	-	-	-	510	Ofan Tortuhúss
7016	-	-	-	-	1.730	Kók au-Alm.ár

7012	-	-	-	-	640	Útvarpsreitur
7013	-	-	-	-	640	Útvarpsreitur
7017	-	-	-	-	500	Melur/Bryggjul
7018	-	-	-	-	500	Au/Alm.ár /Girð
1075	-	-	-	-	4.000	Ofan Gryfju.
					<u>28.672</u>	
6015	Sib.Lerki	Tuvan	2/2dr.b.T		1.560	N-Au i hólinn
6011	-	-	-	-	249	
					<u>1.809</u>	
7012	Sib.Lerki	Sjagornarsk	2/1m	T	400	Útvarpsreitur
					<u>400</u>	
3044	Sib.Lerki	Sönsterud	2/2dr.b	T	500	Skógarholt
3071	-	-	-	-	158	Au/Skógarhóls
3032	-	-	-	-	100	V.i Skógarhóli
3020	-	-	-	-	200	Vestast v.Lveg
					<u>958</u>	
2101	Gráelri	(Ataksplöntur)		T	500	Kjaftagil frá
						Laugarv upp f.
					<u>500</u>	Hlíðarveg.
3082	Blágreni	Rio Grande	1/0fp67	M	1.943	Lækjargata
4021	-	-	-	-	402	V.Kaldalæk
4024	-	-	-	-	2.680	Neðan Langask.
4044	-	-	-	-	1.943	do
					<u>6.968</u>	
7010	Stafafura	Taraldsöy	1/1m	T	4.250	Tungufl.bakkar
7012	-	-	-	-	3.500	Útvarpsreitur
					<u>7.750</u>	
6012	Sitkagr.	Tatilek	2/2dr.b	T	500	Sunnan Beinár
						tún o.fl.
					<u>500</u>	
6290	Sitkagr.	Haukadalur	2/1 m	T	2.200	Snyrtipiureitur
					<u>2.200</u>	

---- Lindifura Iberad

3/3dr.b.T

800 Pl.beggja vegna
vegna heimreiða
800 í birkiskóginn
og við Rauð.

Hér á eftir eru listaðar aspir sem plantað var í Haukadál í ágúst 1990 og eru komnar frá eftirtöldum aðilum: Ingólfi í Engi Laugarási, Péttri Þorvaldssyni Laugarvatni, en frá þeim komu um 50.000 aspir. Frá Jóhanni Ísleifssyni í Hveragerði um 25.000 stk og frá Jóhannesi Helgasyni í Hvammi komu 13250 stk. - Þessar aspir voru 1 - 4 mánaða gamlar og mjög lausar í bökkunum nema þær elstu. Mjög erfitt var að gróðursetja þær, því hnausinn vildi hrynja sundur. Aspirnar voru gróðursettar af unglíngum frá Selfossi í ágúst. Mjög var votviðræsamt gróðursetningartímann.

Kvæmið Iðunn kom frá:	Pétur Þorvaldsson	23.480	
	Ingólfur Engi	14.680	
	Jónannes Helgason	13.250	
	alls		51.410

6401	Alaskaösp	Iðunn	1-4mánaða	2.500	Kriki (Kl.safn)
6402	-	-	-		Sauðh.tunga
6412	-	-	-		-
6404	-	-	-		-
6405	-	-	-	5.000	-
6408	-	-	-		Selhóll
6930	-	-	-		Selhóll
7047	-	-	-		Hrísmýri
7048	-	-	-		-
7051	-	-	-	440	Bryggjumýri
7053	-	-	-	3.125	Br.lækj.botnar
7057	-	-	-		Hrisamýri
7061	-	-	-	2.750	-
7063	-	-	-	1.625	-
Oplantað í Haukadál (yfírvetrað)				-----	

Kvæmið Salka kom frá:	Pétur Þorvaldsson	16.393	
	Jóh.Ísleifsson	24.246	
	alls		40.639

6401	Alaskaösp	Salka	1 -4mánaða	1.250	Kriki
6402	-	-	-		Sauðholtstunga
6412	-	-	-		-
6404	-	-	-		-
6408	-	-	-		Selhóll
6930	-	-	-		-
7045	-	-	-	700	Hrísmýri
7047	-	-	-		-
7046	-	-	-	1.500	-
7047	-	-	-		-
7048	-	-	-		-
7051	-	-	-	440	Bryggjumýri
7053	-	-	-	3.125	Br.l.botnar
7057	-	-	-		Hrisamýri

7058	-	-	-	2.250	-
7060	-	-	-	1.250	-
7062	-	-	-	1.875	-
7066	Alaskaösp	Salka	1 -4mánaða	1.500	Hrisamyri
Óplantað í Haukadal (yfírvetrað)				

Kvæmið Haukur kom frá: Ingólfi í Engi 2.305

----	Alaskaösp	Haukur	1 -4mánaða	1.250	Kríki
6408	-	-	-	?	
óplantað í Haukadal (yfírvetrað)				

Alls plantað í Haukadal

7.3 Gróðursetning Laugarvatni.

----	Sitkagreni	Seward	2/0fp67	M	513	Ættarreitur
----	Stafafura	Taraldsöy	1/0fp67	M	750	-
					1.263	

7.4. Gróðursetning Mosfelli.

Vorgróðursetning:

Sitkagreni Seward 2/0fp60 M 38.191 fr.nr 87003
 Fór í reiti nr: 2.100a, 103b, 100bc, 101, 112, 143ab, 114, 116, 139, 149, 148, 123, 126, 134, 138, 132ab, 130, 159, 161, 190, 158, 129, 131, 20, 22, 24abcd, 94ab, 26, - 92a, 172ab, 176, 179b, 89, 92b, 93, 94c, 179, 187, 172a, 170, 171.
 Utan uppsettrar áætlunar reitir nr: 73, 74b, 71, 59, 46, 42.

Stafafura Taraldsöy 1/0fp67 M 67.250 fr.nr 890001

Fór í reiti nr: 162ab, 163, 124, 21, 96b, 95, 23, 27, 25, 29, 86, 83a, 80, 10fghk, 115, 99, 120, 137, 140, 136, 141, 109, 111, 146, 154ab, 147abc, 122, 127, 135abcde, 155ab, 160.
 Utan uppsettrar áætlunar: 201ab, 173ab, 174abc, 175, 17, 178.

Hautgróðursetning í Mosfelli:

Sib.Lerki Sjagornarsk 1/0fp67 M 862176 34.740 stk.

Gróðursett í reiti:
 170, 171, 173ab, 174ab, 174abc, 172abc, 175ab, 176, 177, 178, 179ab, 184ab, 185, 187, 189abc, 190, 191, 195, 196a, 201ab, 202.


Rússalerki Imatra 1/0fp67 M 890028 15.360 stk.


Gróðursett í reiti: 80,81ab,82,83ab,85,92a,94a,95,24d.79.
 Utan áætlunar: 70,71,74b,73,67a,66,63,59,48b,46,45.

Stafafura Taraldsöy 1/0fp67 M 89001 1.200 stk.
 Fór í reiti 201a.

7.5. Gróðursetning hjá einstaklingum á Suðurlandi. Styrkplöntur.

Nafn.	Sitkagr. ?	Stafaf. Tar.öy T.	Lerki. sjagor 1/1m.T	Sifjal. Holbæk 2/1m.T	Birki. Bæjarst 1/1m.T	Alls: 1/2dr.b.
Fjall á Skeiðum						
Jón Guðmundsson	400		300	300		1000
Helgast.Bisk						
Bjarni Sveins	700	600	600	100		2000
Birnust.Skeiðum						
Sigrún Kristbj.	200		200			400
Sandlækur Gnúp						
Erlingur Loftsb.	300		300		400	1000
Vatnsnes Grímsn						
Vilborg Þórðard	500					500
Úthlíð Bisk						
Greipur Sigurðs	200	400	200	200		1000
Stallar Bisk						
Björn Jónsson	200	200	300			700
St-Mörk Eyjafj						
Asgeir Arnason	100	100	200	100		500
Böðmóost.Laugard						
Auðunn Arnason	600	400				1000





Groturleirugar í H.d. 1990

8.4. Vegageræi

8.4.1. Haukadalur: Í Haukadal var unnið við að bera ofan í brautina upp með Tunguflioti. Byrjað var 12 mars og verið að í 2 - 3 vikur. Fengin var amokstrarvél og vörubíll í verkið ásamt okkar bíl. Gekk þetta allvel, en frost í malarhaugum tafði þó nokkuð á tímabili, en séð var við því með dínamíti.

Borið var ofan ca 2 km. Þetta þarf þó að bæta svolítið, því ekki fór allsstaðar nógu þykk lag í vegstæðið.

50 bílar af mól voru keyrðir í hlaðið heima í Haukadal.

8.4.2. Mosfell. Borið var í um ca 1600 metra spotta af vegi vestan frá að grifju og austur að Kjóaflóði, en þangað var búið að bera í vegi 1988

Fyrir utan okkar eigin bíl, fengum við Jóhannes Helgason frá Brekku Bisk. með 10 hjóla bíl til að hjálpa okkur með þetta. Auk þess var grafan frá Tumastöðum fengin til að moka á. Er það ólíkt betra verkfæri en okkar "teskeið", og gekk þetta verk mjög vel.

8.4.2 Þjórsárdalur: Borið í vegi innan við Perlu, upp brekkuna upp á Seljatungu, og að Fordvegi, ásamt hallanum upp Eljabrekkur. Einnig var borið í veginn framan og ofan við "Móureit".

8. Hirðing gróðursetninga.

8.1. Þjórsárdalur:

8.1.1. Frásögun: var framkvæmd í eftirtöldum reitum: 2215, 2220, 2214 og 2919. Þetta er óvenju lítið, en frásögun er nú oft látin sitja á hakanum, og vikur fyrir öðrum verkefnum.

8.1.2. Aburðargjöf: Móði 2: 23 23 1%Ca. Borið var á eftirtalda reiti: 1925 1948 2033 2034 2038 nyrst, 2040 2045 2046 2059 2246 2290 2245 2729 2909 2910 2913 á yngstu trén frá um 1980, 2914, 2917 á yngstu trén frá um 1980, 3220, 3223 á hluta reitsins, 3313 á hluta reitsins, 2304 Ösp minnstu trén.

8.1.3. Illgresiseyðing: Round-up var úðað á einn reit að hluta R2223 A, og ekki meira gert vegna óhagstæðs veðurs, ca 0,7 ha.

8.2. Haukadalur:

8.2.1. Frásögun:

6173 og 6174 Minningarreitir Sig Jónassonar. Sagað frá vestast, og farið yfir og höggvið frá austast og eftst. Þarf að gera betur. Sagað frá i: 2122, 2123, 2125, 2126, 2124 (frá Rg og Rl en ekki Rg og Stf). Lokið við 2081, byrjað efst í 2071, lokið við 2070. Tvitoppklipping í lerkireit 6170.

8.2.2. Aburðargjöf:

Borið á allan Kókskóginn 6015, 7018, 7017, 7015 nema upp með Almenningsá 6920.

Borið á reiti: 6010, 6011, 6043 unglöntureitir.

Borið á eldri reiti: neðst í 2041, 3072, neðst í 2062 og 2071, 6042, efst í vestast æu 1012, 6170, 6060. Neðsta hluta Sig. Jónassonar reit 6174 og vegarmeginn við lækinn 6073. Neðst í 6079 og efst í 6081, neðst í 6078 og í 6077, 2109 (Rgr85), 2110 (Rgr), efst og vestast í 2108, Reitir 2111 til 2119 nema kinagrenið og allara efst. Notaðar voru tvær áburðarteg. en ekki greint milli þeirra í reitum: Móði 1. 26-14, og Græðir 3. 20-14-14.

8.2.3. Illgresiseyðing:

Round-Up úðun: Úðaðir voru eftirtaldir reitir: 7. ágúst: 6076 (3. sinn), 6077 (3 sinn), 6078 (3 sinn), neðst og vestast í 6079 (3. sinn). Efst í 6075 (2. sinn).

24. ágúst: 2 dælur neðst í 2112 og 2120 og 3 dælur á fjórtán fyrstu plógskurðina (frá vestri) (1. sinn). Kvæmatilraun frá 1984 í Bryggjumýri (Furukvæmki) r. 7034 (1. sinn).

8.3. Mosfell:

8.3.1. Aburðargjöf.

Borið var á alla furu sem gróðursett var 1989. Alls fóru 400 kg af áburði. Græðir 3. 20-14-14.

9. Byggingar.

9.1. Þjórsárdalshús: Borið var á skúrana heimatilbúið fúavarnarefni, blanda af steinolíu, notaðri smurolíu og lit. Kostaði þetta sáralítið og gerir sennilega sama gagn og rándýr efni keypt í verzlunum.

9.2. Haukadalshús: Þak starfsmannahússins var málað brúnum lit og lagfærðar þakrennur. Sett upp ljós í þvottahúsi og fleyra smálegt. Í Hákonarbústað var gólf í eldhúsi rífið upp og biður það nýs árs að endurnýja það.

9.3. Mosfellshús: Borið fúavarnarefni heimatilbúið á alla útveggi Hreðarkots og Strákaskúrs.

9.4. Eldhús á hjólum: Málað utan með "Hjörva" þekjulit, svo og gluggar og dyr.

10. Vélar og verkfæri.

10.1. X8044 Benz vörubifreið. Litlar sem engar bílanir.

10.2. X6476 Mitsubishi L300. Er nú ónýtur. Vél uppgefin, framdrif einnig. Ekkert annað að gera enn að setja hann á uppboð.

10.3. M 2897 Toyota Landcruiser: Var skilað inn til innkaupastofnunar í vor. Seldur fyrir ca 50.000.

10.4. X8317 Hino Vörubifreið: Pallur styrktur í vor, enda allur að fara niður. Annað viðhald ekkert. Notaður undir jarðýtuna og fór sem slíkur hringinn í kringum landið. Einnig notaður til jólatrjáaflutninga í Skorradal.

10.5. Mitsubishi L300. Þessi bill var leigður af Vegagerð ríkisins s.l. vor og var ekið um 10.000 km. Er ennþá hjá okkur.

10.6. Dráttarvélar: Gengu áfallalaust, ekkert meiriháttar viðhald.

10.7. Jarðýtan: Var í vinnu í Skorradal og á Hreðarvatni. Var síðan flutt í Haukadal og var þar við plæingar á Sauðholtstungu og Hrismýri auk þess að jafna skurðruðninga sem notaðir eru sem vegir. Í Mosfelli var plægt stykki austan við Einbúa. Einnig voru jafnaðir skurðruðningar undir vegi. Vegur var einnig ruddur hringinn í jöðrum Einbúa.

10.8. Sagir: Tvær nýjar kjarrsagir voru keyptar á árinu, en voru minna notaðar en til stóð vegna mikillar gróðursetningar. Til eru nú 9 kjarrsagir allar af Jonsreeds gerð. Til eru 3 keðjusagir.

11. Nyjaskógar á suðurlandi.

Sjá skýrslu áætlunardeildar.

12. Ymislegt:

12.1. Skóglendi Skógarvörður kom í flest skóglendi á suðurlandi og skulu þau nú nefnd sem eitthvað sérsstakt er um að segja

12.1.1. Þórsmörk. Árið 1990 er fyrsta árið í áratugi sem sumarþéttir eru sama og engin í Þórsmörk og Goðalandi. Á vordögum var gerður samningur milli Landgræðslunnar, Skógræktarinnar og V-Eyjafjallahrepps um friðun allra afréttu V-Eyjafjallahrepps sem eru: Stakkholt, Steinsholt og Almennningar. Girt var rafgirðing við Jökullónið framan við Steinsholt frá jökli og vestur í Mærkarfljót. Landgræðslan girti og sér um þá girðingu. Virðist sem vel hafi tekist með þetta alltsaman því eftir því sem Guðjón oddviti í Syðstu Mörk segir mér þá komu 7 kindur af Goðalandi í haust og 20 af Stakkholti og Steinsholti eða alls 27 kindur. Almennningar voru ekki leitaðir, en ekki sást til fjár þar. Þetta verður að telja allgóðan árangur á fyrsta ári fyrirkomulagsins. Kostnaður Skógræktarinnar varð samkv. samningi kr. 148.000 og má búast við heldur lægri reikningi næsta ár, þar sem Guðjón telur vinnuna við smalanennskunar ofátlaðan í samningnum, en hann hefur endurskoðunarákvæði innifalin.

Við fengum vinnuhóp frá Rauðakrossi Íslands til vikur dvalar í Húsadal 2.-6. júlí og fékkst hópurinn við sáningar grasfræs og áburðar í rof ofan Húsadals og Hamraskóga. Einnig var grisjaður skógur í Valahnjúkshlíðum í Húsadal frems. Var viðurinn látinn liggja. Gróðursett var birki á stangli í Merkurþana, Kvæmi:Bæjarstaður, ca 1300 plöntur sem komu frá Landgræðslunni.

Dautt birki var fellt í Húsadal miðjum og flutt burtu og reynt að snyrta svolítið til. Lokið var við að setja þrep í göngustig úr Húsadal upp að "Snorraríki". en á þessu verki var byrjað 1988.

Borið var á Rauðgreni í Húsadal s-vestanverðum ofan við litlu flötina, og einnig var borið á birki í girðingu Austurleiðar er gróðursett var 1988 af Rauðakrossliði.

12.1.2. Híðargirðing Skaftártungu:

Farið var fyrst í nóvember til grisjunar og jólatrjáahöggs. Mikið var brotið af furunni frá 1970 sem er nú um 3 m. á hæð. Olli þessu skaflar frá vetrinum 1989 - 90. Þrif furunnar á þessum stað hafa verið með ágætum fram að þessu en jörð er þarna ófrjósam og vöxturinn því ekki hraður. Trén svara áburði vel.

12.1.3. Laugarvatnsgirðing:

Þar var nánast ekkert gert nema girðingarviðhald þótt mikil þörf sé á að hreinsa ofan af plöntum. Herfað var um 3 ha stykki með TTS herfinu og ætlað að planta í það á tveim næstu árum.

12.1.4. Klaustursgirðing:

Girðingin full. Aðeins sinnt girðingaviðhaldi.

12.1.5. Hrauntúnsgirðing:

Engu plantað. Aðeins sinnt girðingaviðhaldi.

12.2. Ferðalög.

Fór í ferð ásamt Sigvalda Asgeirssyni í V-Skaftafellssýslu og skoðuðum við þar skógargirðingar og smáreiti ásamt því að leiðbeina mönnum þar með eitt og annað. Sigvaldi skráði skýrslu um ferðina og er hún komin í hendur skógræktarstjóra.

6. júní fór ég í Hrauneyjarfossvirkjun til að skoða trjáræktar-tilraunir sem starfsmenn þar hafa framkvæmt. Plantað hefur verið þar ýmsum barrtrjám ásamt alaskaviði. Virðist flest vonlaust nema al.viðir brúnn, sem tórir þarna og vex að meðaltali 10 cm á ári.

Náttúrulegur gulviðir er þarna að koma upp en verður tæpast hár. Því skaraveður af n- au taka sinn toll að vetrinum og eru aðstæður allar hinar erfiðustu enda hátt yfir sjó á þessum stað.

13.mái fór ég ásamt Kristni Skæringssyni, Sig.Blöndal og Agústi Arnasyni austur að Skógum undir Eyjafjöllum í myndatöku-leiðangur þar sem teknar voru samanburðarmyndir við eldri myndir sem til voru og teknar í elstu birki gróðursetningunni í Skógum um 1950. Birki var tekið að bruma svo og lerkibastarðurinn í vesturhliðinni. Mjög er orðið aðkallandi að grisja skóginn víða, enda er hann í hröðum vexti og afar blómlegt um að litast. Lúsar fá Sitkagreni ekki orðið vart nú um nokkur ár.

Eg vann talsvert með Skógræktarfélagi Arnesinga í sambandi við Landgræðsluskógaátak 1990. Þorlákshafnar-átaks-nefnd var leiðbeint með gróðursetningu á hraununum ofan Þorlákshafnar, en þar var plantað talsverðu af víði og birki og allt sett niður með húsdýraáburði. Einnig hafði ég umsjón með gróðursetningu í Þjórsárdal, sem lýst er í kaflanum um gróðursetningu Þjórsárdals. Aðrir staðir er tengdust "Atakinu" í Arnessýslu: Rótarmannatorfur á Biskupstungnaafrétti, Skógarjaðrar við afréttargirðingu ofan bæjarins Jaðars í Hrunamannahreppi, austan Gullfoss, og skátar gróðursettu í landi Úlfliðsvatns í Grafningi.

13.febrúar fór ég ásamt Björgvin Eggertssyni austur í Hrífunes í Skaftártungu til að skoða væntanlegt girðingarstæði Hrífuness-griðingar. Snjór var mikill yfir öllu og var farið á tveim vélsleðum í eigu bænda í nágrenninu. Leiðsögumaður var Valur Oddsteinsson í Hlið og piltar frá Flögu voru einnig með í ferð. Girðingin verður um 10 km á lengd og girðir um 1400 ha.

Í september fór ég aftur austur og skoðaði girðingarstæðið og vegi meðfram því. Í framhaldi af því fór jarðýtan um og lagfærði hér og þar og var að í einn og hálfan dag. Girðingarstæði lítur all vel út, utan tveggja gilja sem verða slæm yfirferðar.

12.3.Gestir:

Eins og áður er sagt kom til okkar hópur frá Rauðakrossi Íslands og vann í Þórsmörk í 5 daga.

Hópur snyrtipía kom í Haukadal og plantaði 2500 plöntum við Langa-Skurð í reit sinn, en þær komu einnig 1989. Reist var varða og múruð á plata til mynningar um þennan atburð og stendur varðan við veginn inn á heiði, skammt frá "snyrtipiureitnum".

Við fengum heimsókn af Starfsfólki ríkisútvarpsins og gróðursetti það í reit sinn niður við Tungufljót. Dvaldi það part úr degi.

12.4. Annað: Á vormánuðum var smíðaður á Selfossi plöntuflutningavagn yfirbyggður. Kostnaður við hann varð um kr 900.000. Við tókum að okkur mikla flutningar fyrir Skógr.fél.Ísl vegna "Landgræðsluskógaátaks 1990", auk flutninga fyrir Skógrækt Ríkisins. Í ágúst kom upp á flutningur á ösp frá garðyrkjubændum á suðurlandi í sambandi við svokallað "iðnskógaverkefni". Fluttar voru um 170.000 plöntur austur í Gunnarsholt. Þá voru fluttar um 95.000 plöntur upp í Haukadal um mán.mót ág/sept. Í nóv/des voru fluttar aspir í bökkum frá garðyrkjubændum austur á Tumastaði til yfirvetrunar. Það má því segja að billi og vagn hafi verið notað ótæpilega á þessu ári.

Selfossi 16/1 2001

Þóttur Guðmundsson

Gróðursetning asparplantna í Haukadál síðsumars 1990.

Inngangur.

Skýrsla þessi er samin að beiðni skógræktarstjóra og fjallar um aspargróðursetningu, sem frkv. var í Haukadál síðsumars 1990. Hér er gerð grein fyrir fjölda plantna, sem voru gróðursettar og ástandi þeirra. Einnig er reynt að gera grein fyrir afköstum og kostnaði við gróðursetninguna. Björgvin Örn Eggertsson sá um kostnaðarútreikninga.

Alls komu 3 klón við sögu: Iðunni, Salka og Haukur.

Ekki mun ég hér fjölyrða um ástæður þess, að asparplöntur þessar voru gróðursettar í Haukadál, en aðeins geta þess, að hvergi annars staðar var tilbúið land fyrir þessar plöntur.

Frankvæmdir.

Miðvikudaginn 29. ágúst voru fyrstu asparplönturnar sóttar til Péturs og Hjördísar á Laugarströnd í Laugardal. Síðar sama dag voru sóttar plöntur til Ingólfs Guðnasonar í Engi í Laugarási í Biskupstungum. Frá Pétri og Hjördísi komu 23.480 stk. af Iðunni og 16.393 stk. af Sölkunni. Frá Ingólfi komu 14.680 stk. af Iðunni og 2.305 stk. af Hauki. Aður en plönturnar voru sóttar, fóru frá Rannsóknastöðinni á Mógilsá Oddný Snorradóttir og Karl Gunnarsson í gróðrarstöðina og gerðu úttekt á plöntunum. Tekin var stikkprufa og talið, hve margar plöntur voru lifandi í hverjum bakka. Þessar plöntur voru allar í 35 gata svörtum plastbökkum, nema hvað komu 51 stk. af hvítum einnota bökkum með 40 götum, sem undirritaður samp. að taka óséð. Kom í ljós, að þessir bakkar voru illa á sig komnir og brotnuðu mjög í sundur í meðhöndlun. Hins vegar voru plönturnar í þeim með sæmilega föstum hnaus.

A fimmtudeginum 30. ágúst var byrjað að gróðursetja. Flest verkafólkið var ungt að árum, 14-15 ára unglingar frá Selfossi. Alls komu 10 unglingar við sögu. Af þeim hafði aðeins helmingurinn unnið e-ð við gróðursetningu áður. Að auki unnu við gróðursetninguna þrír verkamenn og verkstjóri. Að auki var kostnaður við herfingu og skipulagningu. Fljótlega kom í ljós, að hluti plantnanna var raunverulega ekki tilbúinn til gróðursetningar. Með þessu er átt við, að rötarkerfið var svo lítið, að engin von var til þess, að plantan næðist upp, án þess að köggullinn hryndi í sundur. Var þá reynt að flokka bakkana eftir því hvort plönturnar væru tilbúnar eður ei. Alls reyndust 14.900 plöntur vera í bökkum, sem ekki var talið tímabært að gróðursetja úr. Þá var þegar búið að gróðursetja ca. 6000 plöntur án slíkrar flokkunar. Er ég reyndi að meta, hve langur tími þarf að líða frá stungu til útplöntunar, kom í ljós, að slíkt er ekki einhlítur mælikvarði á útplöntunarhæfni plantnanna. Þar getur ýmislegt komið til:

1) Blöndunarhlutfall mosa og vikurs var mismunandi, en oftast í kringum 50/50. Því hærra sem vikurhlutfallið er þeim mun síður tollir köggullinn saman.

2) Sumt af bökkunum hafði verið á landi með undirhita, annað ekki eða a.m.k. við minni undirhita. Undirhiti hefur áhrif á röturvöxt.

3) Röturvöxtur er trúlega misjafn eftir klónum.

3. sept. voru sóttar í Ræktunarmiðstöðina í Hveragerði (Jóhann Ísleifsson) 24.246 stk. af Sölk. Sama fólk gerði úttekt á þessum plöntum af hálfu Rannsóknastöðvarinnar og áður, en að auki fór Böðvar Guðmundsson í Hveragerði og gekk úr skugga um, að þessar plöntur væru gróðursetningarhæfar. Tæpur helmingur plantanna var afgreiddur í hvítum einnota bökkum með 40 götum. Rótarköggullin er styttri í þessum bökkum en í 35 gata bökkunum, og örlítið víðari. Auk þess eru bakkarnir erfiðir í meðförum og því alls ekki heppilegir. Þetta olli erfiðleikum í gróðursetningunni og eykur eflaust á vanhöldin. Til að hægt væri að færa plönturnar út að gróðursetningarstað voru útbúin blikkburðarbretti hjá Skóg-rækt ríkisins á Selfossi.

4. september voru sóttar plöntur til Jóhannesar í Hvammi í Hrunamannahreppi, samtals 13.250 stk. af Iðunni. Þær voru teknar út á sama hátt og á hinum stöðunum. Í Hvammi voru plönturnar teknar beint út úr gróðurhúsi. Þar voru reyndar líka til plöntur, sem voru eldri og höfðu staðið úti. Bakkarnir í Hvammi voru 35 gata bakkar úr svörtu plasti. Þeir sem stóðu úti voru með mikið af tómunum götum og voru því frekar teknar plöntur innan úr gróðurhúsi.

A tímabilinu 30. ágúst - 8. sept. var lokið við að gróðursetja í Haukadal. Alls fóru þar niður 69.350 plöntur. Unnið var tvo laugardaga, enda unglíngarnir að byrja í skóla í lok þessa tímabils og var því stefnt að því að ljúka þeirri gróðursetningu sem fyrirhuguð var á þessu hausti, áður en skólinn byrjaði. Tókst að setja í allt það land, sem tilbúið var í Haukadal á þessum tíma. Eftir eru í Haukadal ca. 25.000 plöntur, sem verða yfirvetraðar í Haukadal. Gróðursett var í aðra hverja röð í framræstar mýrar, sem áður voru herfaðar með sk. TTS-herfi Skóg-ræktar ríkisins. Ætlunin er, að gróðursetja sitkagreni í hina röðina á næstu tveimur árum.

Gróðursetningin tafðist nokkuð, af því að yta þurfti á eftir flestum plöntunum neðanfrá til að ná þeim með heilum rótarköggli upp úr bakkanum. Einnig tafðist verkið vegna mikilla rigninga, sem stóðu oft allan daginn án uppstyttu.

Kostnaður.

Vinna við gróðursetningu:	kr.	293.182
Flutningur á fólki:	kr.	132.850
Plöntuflutningar:	kr.	66.417
Herfing:	kr.	128.958
Efni í mat:	kr.	118.147
Ráðskona:	kr.	73.125
Verkstjórn:	kr.	92.855
Stjórnun:	kr.	95.640

Samtals kostnaður:	kr.	1.001.174


Stjórnunarkostnaður er áætlaður 15% af öllum launum og launatengdum gjöldum. Að öðru leyti er ekki um álag að ræða. Þannig er t.d. ekki reiknaður kostnaður af notkun húsnæðis Skóg-ræktar ríkisins og af notkun handverkfæra hennar.

Umræða.

Hér vil ég nefna nokkur atriði til umhugsunar, sem koma í hugann að fenginni þessari reynslu af gróðursetningu asparplantna í Haukadal síðsumars 1990.

- Minnka þarf vikurhlutfallið í moldinni.
- Sameina þarf í bökkunum, þannig að jafnan séu 34-35 gróðursetingarhæfar plöntur í hverjum bakka.
- Bakkarnir þurfa að vera af einni staðlaðri gerð, sem passar fyrir ákveðið gróðursetningarkerfi, sem er í notkun.
- Plönturnar þurfa að vera gróðursetningarhæfar, þ.e. halda rótarkögglinum, þegar þær eru togaðar uppúr bakkanum, án þess að yta þurfi á eftir þeim neðan frá. Þvermál rötarrhólsins er líklega einna skásti mælanlegi mælikvarðinn á þetta. Plönturnar mega heldur ekki hafa staðið of lengi í bökkunum. Ræturnar mega ekki vera farnar að snúast í tappanum.
- Gróðursetningin í Haukadal varð nokkru dýrari en ella vegna þess, hve stuttur tími gafst til undirbúnings. Þannig var unnin mun meiri yfirvinna en ella hefði orðið, svo hægt væri að ljúka gróðursetningunni, áður en krakkarnir færu í skóla. Síðasti hluti plöntuafendingarinnar þarf að fara fram eigi síðar en 15. ágúst, svo hægt sé að ljúka verkinu, áður en skólastarf hefst að haustinu, a.m.k. meðan jafnerfiðlega gengur að draga atvinnuleysingja til starfa og raun ber vitni.
- Stiklingarnir þurfa minnst 3 mánuði til að rætast nægjanlega svo að plantan sé hæf til útplöntunar, og þá má vikurhlutfallið líklega ekki vera hærra en 30%. Líklega er betra að ca. 5 mánuðir líði frá stungu til gróðursetningar.

Mógilsá, 8. október 1990.


Sigvaldi Asgeirsson

Nokkur atriði til umhugsunar vegna svonefndrar asparáætlunar.


Sú skoðun hefur heyrst, að helst megi engu hnika til í hinu svokallaða þróunarverkefni um ræktun iðnvíðar úr ösp, enda sé hætt við að fjárveitingavaldið kippi að sér hendinni og skeri niður fjárveitinguna verði gerðar breytingar út frá upphaflegri áætlun. Þetta telur undirritaður hugsanaskekkju. Verkefnið er kallað þróunarverkefni. Slik verkefni eru á mörkum tilrauna og starfsemi, sem hefur hagnaðarvonina að leiðarljósi. Ut í þau er farið, þegar tilraunir hafa skilað nægjanlegum árangri til að framleiðsla með hagnað í huga er talin vænleg, en hefur ekki verið reynd áður. Nú er asparæktun í stórum stíl, sem skógrækt, alveg óreynd á Íslandi. Nefnd asparáætlun einnkennist af ungæðislegu bráðláti, enda eru þar hafnar tilraunir með ræktunartækni á ösp í stórum stíl og samtímis er hafin ræktun asparskóga í stórum stíl með hagnaðarvon í huga. Að visu er hagnaðarvonin svo illa grunduð, að einstaklingar treysta sér ekki til að leggja út fé fyrir skógræktinni (sbr. bændur umhverfis Sandlækjarmýrina). Ríkið reyndist hins vegar tilbúið til að taka áhættuna og hefur sjálfsagt verið lagt út í verri ævintýri á þeim bæ. Hins vegar þykir mér sjálfsagt, að kannaðar séu undirtektir þingmanna (það eru 63 slíkir, sem fara með fjárveitingavaldið) við það, að tilhögun verkefnisins sé breytt nokkuð, þannig að meira af fénu sé notað til tilraunapáttarins og minna í eiginlega framleiðslu.

Slíkri könnun á vilja framkvæmdavaldsins þarf að fylgja rökstuðningur, þar sem m.a. væru tíunduð eftirtalin atriði:

- endurskoða þarf áætlanir um viðarvöxt asparinnar.
- að stórskógrækt með stiklingaplöntum þarf að notast við tugi klóna en ekki 2,3,5 eða 7 eins og nú er ráðgert fyrstu 2-3 árin. Því þarf að leggja höfuðáherslu á að finna fleiri góð klón, áður en farið er út í fjöldaframleiðslu.
- slá má af kröfum um fjölda klóna, ef sett er önnur tegund, helst sitkagreni í aðra hverja röð.
- að stórskógrækt er miklu ódýrari með notkun stiklinga beint á útplöntunarstað en að fara krókaleiðir með því að framleiða plöntur í dýrum plastbökkum í upphituðum gróðurhúsum.
- endurskoða þarf kostnaðaráætlanir vegna asparskógræktar m.a. að fenginni reynslu af framkvæmdum árið 1990. Einnig þarf að kanna markaðinn, bæði fyrir kurl til járnblendiverksmiðjunnar (hve stórum hluta af þörfinni verður fullnægt með úrgangstimbri af höfuðborgarsvæðinu og e.t.v. víðar að). Skoða þarf betur hvornig öspin er nýtt í Kanada og í Bandaríkjunum. Aætla þarf, hvort hagkvæmt getur verið að blanda saman ösp og sitkagreni.

Eðli málsins skv. þurfa svokölluð þróunarverkefni að vera í stöðugri endurskoðun. Ef ekki má endurskoða þróunarverkefni um iðnvíðarframleiðslu af einhverjum annarlegum ástæðum, mundi undirritaður frekar mæla með að verkefninu sé hætt, en að anað sé vitandi vits út í ófæru.

Mógilsá, 9. október 1990.


Sigvaldi Asgeirsson.



*Gutni A. Þóttason og Greipur Sigurdsson
í júní 1990*



ARBONNE INTERNATIONAL
PURE SWISS SKIN CARE

THIS CAIRN ERECTED AND 10,000 TREES PLANTED TODAY
BY PROUD REPRESENTATIVES AND THEIR FAMILIES FROM
ICELAND, NORWAY AND USA.

THIS PLAQUE RECOGNIZES ALL WITH SPECIAL THANKS
TO THOSE WHO MADE IT POSSIBLE;
SKÓGRAEKT RIKISINS, INGA HOLDÖ AND GISLI SIGURDSSON
HAUKADALUR, 9TH DAY OF JUNE, 1990

Plattinn a "Snyrtipróvöfundum" í H.Í. 1990